

Utanríkisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu v. Lækjartorg

101 Reykjavík

sent í gegnum umsagnagátt Alþingis

Pingskjal 262 — 219. mál. Stjórnartillaga.

Reykjavík, 14.11.

Efni: Fullgilding samnings um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun

Landvernd hefur kynnt sér málið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Landvernd fagnar því að loftslagsmálin og sjálfbær þróun eigi að fara inn í þennan viðskiptasamning á beinan hátt. Þau mál eiga að sjálfsögðu að einkenna viðskipti og hafa áhrif á þau og þetta er skref í því. Til þess að slíkur samningur geti haft áhrif í loftslagsmálum og varðandi sjálfbæra þróun er síðan mikilvægt að skilgreiningar og markmið séu skýr og leiði til aðgerða og árangurs á þessum sviðum. Í ljósi þess vill Landvernd koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Umhverfisvörur

Orðið sjálfbærni er í dag notað á margvíslegan og oft rangan hátt sem gerir það að verkum að það missir merkinguna og verður „tómt“. Engar reglur eða viðmið eru til um hvenær er við hæfi að nota orðið sjálfbærni. Í fyrirliggjandi samningi er m.a. talað um umhverfisvörur sem eru framleiddar á sjálfbæran hátt. Er nánar útskýrt hvaða viðmið þurfi að uppfylla? Hvernig á að vera hægt að tryggja að vörurnar séu framleiddar á sjálfbæran hátt, þegar staðlar, viðmið og reglur um slíka framleiðslu eru ekki fyrir hendi? Það verður að tryggja að grænþvottur geti ekki þrífist í þessum viðskiptum.

Styrkir vegna jarðfnaeldsneytis

Landvernd fagnar þessum lið þar sem samningsaðilar skuli hvorki innleiða né viðhalda styrkjum vegna jarðfnaeldsneytis. Þetta er mikilvægt skref í rétta átt og með þessum samningi geta þátttökulöndin bæði stutt við hvert annað og veitt aðhald. Mikilvægt er að þessum áformum fylgi aðgerðir og að þau muni virkilega hafa áhrif á að afnema styrki vegna jarðfnaeldsneytis.

Umhverfismerkingar

Þróun á nýju umhverfismerki þarf að vanda vel og það er tímafrekt. Mjög mikilvægt er að hafa skýrar reglur, viðmið og skilgreiningar sem höfða bæði til umhverfisáhrifa og mannréttinda. Réttlæti er eitt af megineinkennum sjálfbærrar þróunar þannig að miklu máli skiptir að í allri

virðiskeðju framleiðslunnar á vörum verði gætt að réttmætum og sanngjörnum viðskiptum í anda „Fair Trade“. Skoða ætti hvort það værir hægt að styðja frekar við traustar merkingar sem eru nú þegar til staðar.

Almennt

Umhverfismerkingar og umhverfisvörur eru góð og mikilvæg skref til þess að hvetja neytendur að kaupa frekar þannig vörur og minnka þar með vonandi álagið á náttúru og loftslag. En að neytendur séu að tileinka sér grænar neysluvenjur en viðhalda sinni heildarneyslu, en draga ekki úr henni, leysir ekki loftslagsmálin og gæti í besta falli boðið upp á tímabundna lausn. Nægjusemi og græn neysla verða að haldast í hendur. Auk þess má ábyrgðin ekki hvíla eingöngu á almenningi. Landvernd vill koma þeirri hugmynd á framfæri að slíkur samningur eins og þessi gæti einnig verið góður grundvöllur til þess að ríkin taki skrefið lengra og skoði hvernig hægt væri að búa til reglur í samningslöndunum sem munu hafa þannig áhrif á framleiðsluna að hún verði með minni umhverfisáhrif og tryggi réttlæti í ferlinu. Framleiðslufyrirtækin verða að bera ábyrgð.

Lokaorð

Samningurinn er gott skref í rétta átt. En mikilvægt er að tryggja á skýran hátt hvernig hann nái að hafa tilskilin áhrif. Jafnframt því að passa upp á skýrar skilgreiningar má hugleiða að þróa slíkan samning áfram með framleiðsluhætti í huga.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri.